

Ár 2017, mánudaginn 15. maí, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Óskari Bergssyni, Huldu Árnadóttur og Svanhildi Kaaber.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör orkumálastjóra

I.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á þeim lögum, er verkefni ráðsins meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana. Orkumálastjóri er á lista fjármála- og efnahagsráðherra yfir forstöðumenn samkvæmt 2. mgr. 22. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Heyrir því undir kjararáð að ákveða orkumálastjóra laun.

II.

Kjararáð hefur haft launakjör orkumálastjóra til skoðunar. Af því tilefni var fjármála- og efnahagsráðuneyti og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti með bréfum dagsettum 14. júlí 2015 gefinn kostur á að leggja fram greinargerðir vegna málsins, sbr. 6. gr. laga um kjararáð. Jafnframt var orkumálastjóra með bréfi dagsettu sama dag gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum við ráðið.

Fjármála- og efnahagsráðuneyti sendi kjararáði bréf dagsett 28. júlí 2015. Í bréfinu segir að ráðuneytinu sé ekki kunnugt um hvaða forsendur kjararáð lagði til grundvallar fyrir ákvörðun um laun orkumálastjóra né á hvern hátt starfsemi orkumála hafi breyst eða aukist frá því kjararáð úrskurðaði síðast um launakjör hans. Ráðuneytið telji sig ekki hafa forsendur til að meta hvort endurskoða skuli launakjör orkumálastjóra.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið sendi kjararáði bréf dagsett 12. janúar 2016. Í bréfinu segir að það sé skoðun ráðuneytisins að orkumálastjóri eigi að njóta sömu launakjara og aðrir forstöðumenn ríkisstofnana með sambærilega ábyrgð, reynslu og vinnuálag. Jafnframt leggi ráðuneytið áherslu á að gætt sé að innbyrðis samræmi við ákvörðun á launakjörum forstöðumanna í stofnunum ríkisins.

Orkumálastjóri sendi kjararáði bréf dagsett 23. ágúst 2015. Í bréfinu segir að breyttar aðstæður kalli á verulega leiðréttingu á starfskjörum orkumálastjóra. Fram kemur að stofnunin hafi breyst úr ráðgefandi stofnun í það að taka sjálfstætt ábyrgð á viðamiklum og krefjandi stjórnsýsluverkefnum á verksviði stofnunarinnar. Eftirlit með leit að olfu og gasi og hugsanlegri vinnslu sé nýr og krefjandi þáttur í starfseminni. Verkefni stofnunarinnar varði mikla hagsmuni og séu mjög mikilvæg fyrir afkomu þjóðarbúsins. Segir í því sambandi að þróun nýrra kosta til orkunýtingar og leyfisveitingar vegna rannsókna, nýtingar orkulinda og virkjana sem og efnistöku leggi grunninn að áframhaldandi uppbyggingu atvinnulífs í landinu. Með því að finna nýja og fjölbreytta kosti til raforkuframleiðslu skapist forsendur til þess að mæta þörfum þjóðfélagsins og atvinnulífsins fyrir raforku án þess að ganga nærri verðmætustu náttúrusvæðum landsins. Segir í bréfinu að meðalaukning í virkjunum raforku síðustu áratugina hafi verið um 40 MW á ári sem samsvari í fjárfestingum um 15 milljörðum króna á ári að meðaltali í nýjum virkjunum. Afleiddar fjárfestingar í iðnaði séu af sömu stærð. Þá segir að flutningur og dreifing raforku sé sérleyfisstarfsemi undir eftirliti Orkustofnunar. Eignastofn viðkomandi sérleyfishafa hafi á árinu 2013 verið um 140 milljarðar króna og tekjur þeirra um 30 milljarðar króna. Við ákvörðun tekjumarka fyrir sérleyfisfyrirtækin takist á miklir hagsmunir, lagalegt umhverfi sé flókið og vinna við ákvarðanir krefjist mikillar sérfræðivinnu, þekkingar og athygli. Jafnframt segir í bréfinu að með leyfisveitingum og þeim rannsóknum sem nú fari fram á hugsanlegum olfu- og gasauðlindum á Jan Mayen hryggnum fái mikilvæg þekking á þeim auðlindum sem geti skipt sköpum fyrir afkomu íslenska þjóðarbúsins og efnahagslegt öryggi til framtíðar. Þá kemur fram að árangur Íslendinga í orkumálum og nýtingu vistvænna orkugjafa sé eitt það mikilvægasta sem Ísland hafi fram að færa á alþjóðavettvangi. Sá árangur sé grundvöllur að tækifærum íslenskra fyrirtækja erlendis og nái óskiptri athygli ráðamanna um allan heim. Orkustofnun hafi nýtt þetta forskot Íslendinga í orkumálum með útgáfu kynningarefnis og með því að kynna þessi mál fyrir stjórnvöldum erlendra ríkja, orkufyrirtækjum, fjárfestum o.fl., oftast en ekki í samstarfi við forseta og ráðherra lýðveldisins.

Í bréfi orkumálastjóra segir jafnframt að starfinu fylgi mikil stjórnsýsluleg ábyrgð sem sé að verulegu leyti nýtilkomin, það er með setningu kolvetnislaga og flutningi flest allra stjórnsýslu-ákvæðana úr ráðuneyti til stofnunarinnar í framhaldi af samþykkt Árósasamkomulagsins. Þá segir að faglegar kröfur til orkumálastjóra séu bæði miklar og fjölbreyttar. Hann þurfi að geta sett sig vel inn í tæknimál og náttúruvísindi á sviði orkumála, rekstrarumhverfi sérleyfisfyrirtækja og lagaumhverfi stjórnsýslunnar svo dæmi sé nefnd. Þá þurfi hann að njóta trausts sem álitsgjafi og fræðari á alþjóðlegum vettvangi. Einnig þurfi hann að geta verið leiðandi í þróun stjórnsýslu, stefnumótun og greiningu á stöðu og framtíðarmöguleikum orkumála. Jafnframt þurfi hann að hafa getu og hæfni til þess að bera ábyrgð á almennri stjórnun stofnunarinnar svo sem áætlanagerð, fjárhagsbókhaldi og starfsmannahaldi. Hann þurfi að geta svarað með skýrum og ábyrgum hætti fyrir verkefni og ákvæðanir stofnunarinnar í fjölmiðlum, oftast en ekki í umróti deilna og pólitískra átaka.

Með bréfi dagsettu 8. febrúar 2016 fékk orkumálastjóri send framangreind svör ráðuneytanna til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum um efni þeirra. Í bréfi orkumálastjóra dagsettu 23. febrúar 2016 eru ekki gerðar athugasemdir en fyrri sjónarmið um endurskoðun launakjara ítrekuð.

III.

Orkustofnun starfar samkvæmt lögum nr. 87/2003 um Orkustofnun, með síðari breytingum, og reglugerð um Orkustofnun nr. 400/2009. Auk þess er kveðið á um hlutverk stofnunarinnar í öðrum lögum. Ráðherra skipar forstöðumann Orkustofnunar til fimm ára í senn. Nefnist hann orkumálastjóri. Hann fer með stjórn og daglegan rekstur Orkustofnunar og ræður annað starfslið stofnunarinnar.

Hlutverk Orkustofnunar er að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um orkumál og önnur auðlindamál sem stofnuninni eru falin með lögum og veita stjórnvöldum ráðgjöf og umsagnir um þau mál. Einnig skal stofnunin standa fyrir rannsóknum á orkubúskap þjóðarinnar, á orkulindum landsins og hafsbotsins og á öðrum jarðrænum auðlindum þannig að unnt sé að meta þær og veita stjórnvöldum ráðgjöf um skynsamlega og hagkvæma nýtingu þeirra. Hlutverk stofnunarinnar er jafnframt að safna gögnum um orkulindir og aðrar jarðrænar auðlindir, nýtingu þeirra og orkubúskap landsmanna, varðveita þau og miðla upplýsingum til stjórnvalda og almennings. Auk þess skal stofnunin vinna að áætlanagerð til langs tíma um orkubúskap þjóðarinnar og hagnýtingu orkulinda og annarra jarðrænna auðlinda landsins og hafsbotsins. Þá er það hlutverk Orkustofnunar að stuðla að samvinnu þeirra sem sinna orkurannsóknum og samræmingu á rannsóknarverkefnum. Einnig skal stofnunin í umboði ráðherra fylgjast með framkvæmd opinberra leyfa sem gefin eru út til rannsóknar og nýtingar jarðrænna auðlinda og reksturs orkuvera og annarra meiri háttar orkumannvirkja. Stofnunin annast ennfremur önnur stjórnsýsluverkefni sem henni eru falin samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða ákvörðun ráðherra.

Orkusjóður er eign ríkisins og ber það ábyrgð á skuldbindingum hans. Yfirumsjón með sjóðnum er í höndum ráðherra en Orkustofnun annast daglega umsýslu sjóðsins.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skuli kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvæðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Kjararáð hefur ekki áður tekið ákvörðun um laun orkumálastjóra en kjaranefnd ákvað honum laun 6. mars 2003. Frá þeim tíma hafa laun hans tekið breytingum í samræmi við almennar ákvæðanir kjaranefndar og síðar kjararáðs. Hér að framan er greint frá starfsemi Orkustofnunar og því hvernig

starfsemi hennar hefur þróast og aukist að umfangi. Með vísan til þessa og að teknu tilliti til þess innbyrðis samræmis sem kjararáði ber að hafa að leiðarljósi og áður er getið telur kjararáð tilefni til breytinga á launum orkumálastjóra.

Með hliðsjón af framangreindu hefur kjararáð ákveðið að laun og önnur starfskjör orkumálastjóra skuli vera svo sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. janúar 2016 skulu mánaðarlaun orkumálastjóra vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 137, nú 989.836 krónur. Að auki skal greiða honum 35 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-136, nú 9.572 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör orkumálastjóra gilda reglur kjararáðs frá 17. nóvember 2015.

Óskar Bergsson

Hulda Árnadóttir

Svanhildur Kaaber